

41 mkr heildarhagnaður á fyrsta ársfjórðungi 2015

Rekstur samstæðunnar gekk vel á fyrsta ársfjórðungi og öll félög samstæðunnar skiluðu hagnaði

REYKJAVÍK – 29. apríl 2015 – Nýherji kynnti í dag uppgjör á fyrsta ársfjórðungi 2015. Heildarhagnaður nam 41 mkr og tekjuvöxtur var 14,1% miðað við sama tímabil í fyrra.

Helstu upplýsingar:

- Vöru- og þjónustusala á árinu nam 3.263 mkr [2014:2.859 mkr]
- Heildarhagnaður fyrsta ársfjórðungs nam 41 mkr [2014: 56 mkr]
- Hagnaður fyrir tekjuskatt nam 114 mkr [2014: 86 mkr]
- EBITDA nam 225 mkr (6,9%) [2014:191 mkr (6,7%)]
- Rekstrarhagnaður nam 147 mkr [2014: 116 mkr]
- Framlegð nam 808 mkr (24,8%) [2014: 753 mkr (26,3%)]
- Jákvæð rekstrarafkoma var hjá öllum félögum samstæðunnar á fyrsta ársfjórðungi
- Tekjuvöxtur 14,1% frá sama tímabili í fyrra

Finnur Oddsson, forstjóri:

„Rekstur samstæðu Nýherja gekk vel á fyrsta ársfjórðungi og öll félög samstæðunnar skiluðu hagnaði. Samstæðan hefur nú skilað heilbrigðum hagnaði 5. ársfjórðunginn í röð, sem sýnir í reynd aukinn stöðugleika í rekstrinum. Töluverður tekjuvöxtur var frá sama tímabili í fyrra, sérstaklega hjá Nýherja og Tempo. Afkoma nú er lítillega yfir áætlunum. Við vinnum áfram að því að festa nýtt skipulag sem tók gildi síðasta haust í sessi og ná þeim markmiðum sem félagið setti sér um einfaldara skipulag, skilvirkara sölustarf og bættu þjónustu.“

Rekstrarniðurstaða á fyrsta ársfjórðungi 2015

Ársfjórðungsfirilit - Lykiltölur					
Í milljónum ISK	F1 2015	F4 2014	F3 2014	F2 2014	F1 2014
Seldar vörur og þjónusta	3.263	3.315	2.545	2.853	2.859
Vörunotkun og kostn.verð seldrar þjónustu	(2.456)	(2.475)	(1.876)	(2.104)	(2.106)
Framlegð	807	840	669	749	753
Rekstrarkostnaður	(661)	(674)	(558)	(616)	(637)
Hagnaður fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	146	166	111	133	116
Hrein fjármagnsgjöld	(33)	(111)	(98)	(52)	(31)
Hagnaður fyrir tekjuskatt	113	55	13	81	85
Tekjuskattur	(23)	69	(2)	(17)	(19)
Hagnaður tímabilsins af áframhaldandi starfsemi	90	124	11	64	66
Tap af aflagðri starfsemi	0	0	0	0	(26)
Hagnaður tímabilsins	90	124	11	64	40
Þýðingarmunur erl. dótturfélaga	(50)	(2)	0,5	4	15
Heildarhagnaður tímabilsins	40	122	12	68	55
EBITDA	225	241	188	207	191

- Sala á vöru og þjónustu nam 3.263 mkr á fyrsta ársfjórðungi 2015, samanborið við 2.859 á fyrsta ársfjórðungi 2014, sem er aukning um 14,1% á milli ára
- Framlegð nam 808 (24,8%) á fyrsta ársfjórðungi 2015, samanborið við 753 (26,3%) á fyrsta ársfjórðungi 2014
- Rekstrarkostnaður var 661 mkr á fyrsta ársfjórðungi 2015 sem er 20,3% tekjum, samanborið við 22,3% af tekjum á fyrsta ársfjórðungi 2014
- Hrein fjármagnsgjöld námu 33 mkr á fyrsta ársfjórðungi 2015, samanborið við 31 mkr á fyrsta ársfjórðungi 2014
- EBITDA nam 225 mkr á fyrsta ársfjórðungi 2015, samanborið við 191 mkr á fyrsta ársfjórðungi 2014
- Heildarhagnaður tímabilsins var 41 mkr, samanborið við 56 mkr á fyrsta ársfjórðungi 2014

Efnahagsreikningur 31.03.2015 - Lykiltölur		
Í milljónum ISK	31.03.2015	31.12.2014
Fastafjármunir	3.059	3.038
Veltufjármunir	2.960	2.732
Eignir samtals	6.019	5.771
Eigið fé	1.004	963
Langtímaskuldir	2.645	2.651
Skammtímaskuldir	2.370	2.157
Eigið fé og skuldir samtals	6.019	5.771
Veltufjárhlutfall	1,25	1,27
Eiginfjárhlutfall	16,7%	16,7%

- Veltufjármunir hækka um 228 mkr frá árslokum 2014, úr 2.732 mkr í 2.960 mkr. Mest vegur hækkun á handbæru fé og viðskiptakröfum
- Vaxtaberandi skuldir hækka um 210 mkr frá árslokum, úr 3.028 mkr í 3.238 mkr
- Eiginfjárhlutfall stendur í stað frá árslokum og er 16,7%

Sjóðstreymi - Lykiltölur		
Í milljónum ISK	F1 2015	F1 2014
Handbært fé frá rekstri	91	141
Fjárfestingahreyfingar	(119)	(127)
Fjármögnunarhreyfingar	159	(111)
Hækkun (lækkun) á handbæru fé	131	(97)
Áhrif gengisbreytinga á handbært fé	2	(4)
Handbært fé í ársbyrjun	79	451
Handbært fé í lok tímabilsins	212	350

- Handbært fé frá rekstri er 91 mkr fyrstu þrjá mánuði ársins samanborið við 141 mkr á sama tímabili 2014
- Fjármögnunarhreyfingar fyrstu þrjá mánuði ársins eru jákvæðar um 159 mkr samanborið við neikvæða hreyfingu um 111 mkr á sama tímabili 2014
- Handbært fé í lok tímabilsins nam 211 mkr samanborið við 350 mkr á sama tímabili 2014

Nýherji: Góður gangur á flestum sviðum

Ágæt afkoma var af rekstri Nýherja móðurfélags, sem er samkvæmt áætlun. Tekjur jukust á milli ára, einkum vegna aukinnar búnaðarsölu, t.a.m. frá Lenovo og miðlægum tæknibúnaði frá IBM. Einnig hefur verið ágætur vöxtur í sölu á hljóð- og myndlausnum, símlausnum og eftirspurn eftir þjónustu í hýsingu og rekstri tölvukerfa fer vaxandi.

TM Software ehf.: Ágætar horfur í rekstri

Rekstur TM Software gekk ágætlega í fjórðungnum og afkoma af rekstri nálægt áætlun. Eftir áramót var rekstur Tempo skilinn frá TM Software ehf. og er starfsemi TM Software nú á tveimur sviðum, Heilbrigðislausnasviði og Veflausnasviði. Verkefnastaðan hefur verið góð en unnið er að þróun eigin lausna TM Software og að sérlausnum fyrir viðskiptavinum. Horfur í rekstri félagsins ágætar.

Tempo ehf.: Áfram verulegur vöxtur tekna

Rekstur Tempo var með besta móti í ársfjórðungnum. Viðskiptavinum fjölga áfram og telja þeir nú fleiri en 7.000 fyrirtæki í yfir 100 löndum. Helmingur (50%) af tekjum fyrirtækisins koma frá Evrópu og 35% frá Norður-Ameríku. Félagið gaf út nýjar útgáfur af öllum vörum fyrirtækisins, en þær eru Tempo Timesheets, Tempo Planner, Tempo Books og Tempo Folio. Horfur eru um áframhaldandi vöxt tekna og afkomu og er gert ráð fyrir að starfsfólki fjölgi um 20 á árinu. Um 60 manns starfa hjá TEMPO í dag.

Applicon ehf.: Afkoma í takt við væntingar

Afkoma Applicon var í takt við væntingar þrátt fyrir umfangsmikla þróunarvinnu á eigin lausnum, sérstaklega launa- og mannauðskerfinu Kjarna. Á tímabilinu hefur Kjarni verið seldur nokkrum stórfyrirtækjum auk þess sem innleiðingarverkefni hafa farið af stað. Söluverkefni á sviði SAP HANA voru einnig fyrirferðamikil í fjórðungnum. Verkefnastaða fyrir næsta ársfjórðung er ágæt.

Applicon AB í Svíþjóð: Afkoma yfir áætlunum

Rekstur Applicon AB gekk vel og var yfir áætlunum. Reksturinn skilar nú jákvæðri afkomu og eru horfur ágætar á árinu.

Horfur

Horfur í rekstri Nýherjasamstæðunnar eru góðar. Gert er ráð fyrir hóflegum vexti í tekjum og afkomu Nýherja og dótturfélaga á árinu 2015.

Hluthafar

Markaðsvirði fyrirtækisins í lok fyrsta ársfjórðungs 2015 var kr. 3.075 milljónir. Lokaverð í ársfjórðungnum var kr. 7,5 á hlut. Fjöldi útgefinna hluta þann 31. mars 2015 voru 410 milljónir og voru hluthafar 335 talsins.

Kynningarfundur þann 30. apríl 2015

Kynningarfundur fyrir fjárfesta og markaðsaðila verður haldinn fimmtudaginn 30. apríl 2015 í höfuðstöðvum félagsins að Borgartúni 37 í Reykjavík og hefst hann kl. 09:00. Finnur Oddsson, forstjóri mun kynna afkomu félagsins. Hægt er að nálgast streymi af fundinum á heimasíðu félagsins. Kynningarefni af fundinum er hægt að nálgast á heimasíðu félagsins, www.nyherji.is, að honum loknum.

Fjárhagsdagatal fyrir 2015

Áætluð birting árschlutauppgjörðs fyrir árið 2015:

- 26. ágúst 2015: Uppgjör 2. ársfjórðungs og fyrstu sex mánaða ársins 2015.
- 28. október 2015: Uppgjör 3. ársfjórðungs og fyrstu níu mánaða ársins 2015.
- 28. janúar 2016: Uppgjör 4. ársfjórðungs og ársins 2015.

Samþykkt árschlutareiknings

Árschlutareikningur var samþykktur á stjórnarfundum Nýherja hf. 29. apríl 2015. Árschlutauppgjör Nýherja hf. er í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS-International Financial Reporting Standards). Árschlutauppgjörð hefur hvorki verið endurskoðað né kannað af endurskoðendum félagsins.

Nýherji hf.

Nýherji er samstæða fyrirtækja í upplýsingatækni. Nýherji er þjónustufyrirtæki og hlutverk fyrirtækisins felst í að aðstoða viðskiptavinum að ná enn betri árangri í sínum rekstri með aðstoð upplýsingatækni, sérfræðipækkingu starfsfólks og lipurri þjónustu. Hlutabréf Nýherja hf. eru skráð í NASDAQ OMX Iceland hf. (Kauphöll Íslands).

Í stjórn Nýherja eru Benedikt Jóhannesson, stjórnarformaður, Hildur Dungal, Marta Kristín Lárusdóttir, Ágúst Sindri Karlsson og Loftur Bjarni Gíslason. Guðmundur Jóh. Jónsson er varamaður í stjórn. Finnur Oddsson er forstjóri Nýherja.

Nánari upplýsingar

Finnur Oddsson forstjóri í síma 862-0310 eða fo@nyherji.is og Gunnar Petersen framkvæmdarstjóri fjármálasviðs í síma 825-9001 eða gp@nyherji.is.

Til athugunar fyrir fjárfesta

Nýherji vekur athygli á því að staðhæfingar sem finna má í þessari fréttatilkynningu kunna að vera byggðar á mati og áætlunum stjórnenda félagsins en ekki á staðreyndum sem hægt er að sannreyna af birtingu tilkynningarinnar. Eðli málsins samkvæmt fela slíkar staðhæfingar í sér óvissu. Athygli fjárfesta er vakin á því að margir þættir geta haft þau áhrif að rekstrarumhverfi félagsins og afkoma verði með öðrum hætti en forsendur gera ráð fyrir í tilkynningunni. Þessi tilkynning verður ekki endurskoðuð eftir birtingu hvað þetta varðar. Staðhæfingar sem finna má í þessari fréttatilkynningu gilda eingöngu á því tímamarki þegar fréttatilkynningin er birt og takmarkast gildi þeirra við það sem segir í fyrirvara þessum.